

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Austurbyggð.

Deiliskipulag Holtahverfis.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Austurbyggðar þann 6. október 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Holtahverfis á Fáskrúðsfirði dagsettu í október 2005. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 og greinargerð í sér hefti. Breytingin nær til reits sem afmarkast af Skólavegi, Búðalæk að austan og útivistar- og skógræktarsvæði að vestan. Lóðamörkum er breytt og skipulagssvæðið stækkað og bætt við lóðum fyrir sérbýlishús og fjölbýlishús á tveim og þrem hæðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og tekur yfir áður samþykkt deiliskipulag, Holt I, frá 1992.

Fáskrúðsfirði, 9. nóvember 2005.

Sveitarstjóri Austurbyggðar,

Steinþór Pétursson.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005